

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
08. jan. 2018
Tilv. _____

8. janúar 2018
UST201712-125/R.K.
09.04.06

Efni: Matskyldufyrirspurn- Landgræðsla og skógrækt - Hafnarsandur

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 11. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tilkynningu sveitafélagsins Ölfuss, Skógræktarinnar og Landgræðslu ríkisins.

Um er að ræða samstarfsverkefnið Þorláksskóga á Hafnarsandi við Þorlákshöfn, á landi í eigu Sveitafélagsins Ölfuss og Landgræðslu ríkisins. Ofangreint skipulagssvæði er staðsett norðan byggðar ofan við Suðurstrandsveg (427), og er að mestu skilgreint sem óbyggt svæði í gildandi aðalskipulagi. Svæðið sem skal lagt undir verkefnið er í heild 4.620 ha að stærð.


Svæðið er mjög stórt og telur stofnunin ákjósanlegt að græða þann hluta svæðis þar sem mest hreyfing á sandinum (vestari hluti). Þá er mikilvægt að gætt sé að verndarmarkmiðum um landslag í 3. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, sbr. sérstaka vernd í 61. gr. laganna, þar sem um er að ræða nútímahraun í og við yfirborð, sérstaklega á eystri hluta svæðisins.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að umræddar framkvæmdir eru nálægt hraunhellinum Árnahelli, norðan Hlíðarendavegar (380), sem er friðlýst sem náttúruvætti og ber að forðast allt rask á hellinum við framkvæmdir.

Að mati Umhverfisstofnunar er nægilega vel gert grein fyrir framkvæmdinni í greinagerð tilkynningar. Áætlaðar framkvæmdir munu ekki raska svæði á náttúruinjasrá eða svæði sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Hinsvegar segir í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 601/2000, 1.06 í 1. viðauka, að nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra skal meta hverju sinni hvort skuli vera háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að vegna umfangs skógræktar sé þörf á að umrædd framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum.

Auk þess telur Umhverfisstofnun að fjalla eigi um hvort ógrónir sandar hafi gildi sem hluti landslags í stað þess að líta einungis á sanda sem svæði sem bíða þess að verða grædd upp.

Beðist er velvirðingar á hversu dregist hefur að svara þessu erindi.



Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakek Kristjansdóttir
Sérfræðingur